



# Aðalfundur Íslandsbanka hf.

16. mars 2023

Aðalfundur Íslandsbanka hf. var haldinn í Norðurljósasal Hörpu, Reykjavík, fimmtudaginn 16. mars 2023, kl. 16:00. Jafnframt var gefinn kostur á rafrænni þátttöku á fundinum. Atkvæðagreiðsla á fundinum fór eingöngu fram með rafrænum hætti. Fundurinn fór fram á íslensku en boðið var uppá túlkapjónustu á ensku.

## Setning fundar

Finnur Árnason, stjórnarformaður Íslandsbanka, setti fundinn og bauð fundargesti velkomna á aðalfund bankans árið 2023.

### a) Kosning fundarstjóra og fundarritara

Finnur Árnason stjórnarformaður gerði að tillögu sinni að Áslaug Árnadóttir, hæstaréttarlögmaður, yrði kjörinn fundarstjóri og Dagmar Clausen Þórðardóttir, forstöðumaður lögfræðisviði Íslandsbanka, yrði kosin fundarritari. Aðrar tillögur komu ekki fram og tóku Áslaug og Dagmar til starfa.

### b) Lögmæti fundar

Fundarstjóri fór yfir framkvæmd boðunar fundarins. Boðað var til þessa aðalfundar með auglýsingu. Þann 22. febrúar sl. birtist auglýsing um fundinn í upplýsingakerfi Nasdaq og á vefsíðu bankans og þann 23. febrúar í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu. Var fyrirvari á boðun fundarins nægilegur, í samræmi við ákvæði 88. gr. a í lögum um hlutafélög og samþykktir bankans. Tillögur þær sem eru til umfjöllunar á fundinum voru einnig birtar í upplýsingakerfi Nasdaq og á vefsíðu bankans.

Fundarstjóri lýsti fundinn lögmætan til að fjalla um og afgreiða þau málefni sem eru á dagskrá hans.

### c) Fyrirkomulag fundar og atkvæðagreiðsla

Fundarstjóri fór stuttlega yfir fyrirkomulag atkvæðagreiðslu á fundinum, hægt sé að taka þátt í fundinum bæði rafrænt og með því að mæta á fundarstað. Atkvæðagreiðsla verði rafræn og fari einungis fram gegnum kerfi Lumi. Var enn fremur tekið fram að hluthöfum gæfist kostur á að senda inn fyrirspurnir og athugasemdir með rafrænum hætti gegnum kerfið. Einnig gerði fundarstjóri grein fyrir því að mögulegt sé fyrir þá sem mættir eru á fundarstað að óska eftir því að taka máls undir einstökum liðum með því að gefa merki þegar fundarstjóri býður upp á það.

Þá tók fundarstjóri fram að samkvæmt þeim upplýsingum sem hún hafi fengið um kerfið fullnægi það kröfum hlutafélagalaga um rafræna atkvæðagreiðslu á



hluthafafundi, einkum ákvæði 80. gr. a., og samþykktu bankans, enda tryggði kerfið rétt hluthafa til að sækja hluthafafund, taka þar til máls og greiða atkvæði. Auk þess geri kerfið bankanum kleift að staðfesta hvaða hluthafar mættu á fundinn og hvaða atkvæðisrétt þeir hefðu, og niðurstöður atkvæðagreiðslna.

Fundarstjóri greindi frá því að í samræmi við 4. mgr. 84. gr. hlutafélagalaga hafi stjórn bankans gert stutta samantekt um hlutfjáreign einstakra hluthafa og rétt þeirra til að greiða atkvæði og hún sé aðgengileg á vef bankans.

### **Dagskrá:**

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar um rekstur og starfsemi bankans síðastliðið rekstrarár
2. Staðfesting ársreiknings bankans fyrir næstliðið rekstrarár;
3. Ákvörðun um greiðslu arðs
4. Kosning stjórnar, varastjórnar bankans og formanns stjórnar;
5. Kosning endurskoðanda
6. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna bankans og laun nefndarmanna í undirnefndum stjórnar
7. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu bankans
8. Tillaga stjórnar um starfsreglur tilnefningarnefndar bankans;
9. Tillaga til breytinga á samþykktum bankans
10. Tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum
11. Önnur mál.

Fundarstjóri lagði til að liðir 1 og 2 á dagskránni, skýrsla stjórnar og staðfesting ársreiknings fyrir síðasta starfsár, verði teknir til umræðu saman eftir kynningu á bæði skýrslu stjórnar og ársreikningi.

Sú tillaga var samþykkt einróma.

### **1. Skýrsla stjórnar um starfsemi bankans árið 2022**

Finnur Árnason, stjórnarformaður bankans, tók til máls og gerði grein fyrir skýrslu stjórnar um starfsemi bankans á árinu 2022.

### **2. Staðfesting ársreiknings bankans fyrir árið 2022**

Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, gerði grein fyrir reikningum félagsins fyrir árið 2022.



Fundarstjóri gerði grein fyrir því að mætt er fyrir eigendur hlutafjár að nafnvirði 1.512.240.542 króna eða sem samsvarar 75,6 % af heildarhlutafé bankans.

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu stjórnar og endurskoðaða reikninga. Enginn tók til máls.

Fundarstjóri gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu stjórnar til fundarins:

*Stjórn bankans leggur til að ársreikningur bankans vegna ársins 2022 verði samþykktur.*

Var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með tilhlýðilegum meirihluta.

### **3. Ákvörðun um greiðslu arðs**

Fundarstjóri gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu stjórnar til fundarins:

*Stjórn bankans leggur til að 12,3 milljarðar króna af hagnaði ársins 2022 verði greiddir í arð til hluthafa. Greiðslan samsvarar um 50% af hagnaði ársins 2022 og er í samræmi við langtímastefnu bankans um u.þ.b. 50% arðgreiðsluhlutfall. Stjórn bankans getur boðað til sérstaks hluthafafundar síðar á árinu þar sem tillaga um greiðslu arðs af hagnaði fyrri rekstrarára eða endurkaup á eigin bréfum kann að vera lögð fram.*

*Ef tillaga um arðgreiðslu verður samþykkt verður arðleysisdagur (e. ex-date), þ.e. sá dagur sem viðskipti hefjast með bréf bankans án réttar til arðs, 17. mars 2023. Arðsréttindadagur (e. record date) verður 20. mars 2023. Hluthafar tilgreindir í hlutaskrá bankans í lok arðsréttindadags eiga tilkall til arðs. Útborgunardagur (e. payment date) verður 27. mars 2023.*

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls. Var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með tilhlýðilegum meirihluta.

### **4. Kosning til stjórnar- og varamanna**

Fundarstjóri tók fram að samkvæmt lögum og samþykktum bankans bæri að kjósa stjórn á aðalfundi bankans til eins árs í senn og hún skyldi skipuð sjö mönnum og tveimur til vara. Jafnframt skuli kjósa formann stjórnar sérstaklega á aðalfundi.

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að í samræmi við samþykktir bankans hafi bankinn starfandi tilnefningarnefnd sem hefur það hlutverk að tilnefna einstaklinga til stjórnarsetu á aðalfundi bankans. Bankasýsla ríkisins starfræki svo sérstaka valnefnd sem tilnefni aðila fyrir hönd ríkisins sem rétt hafa til setu fyrir hönd ríkisins m.a. í bankaráðum.

Tilnefningarnefnd bankans hafi óskað eftir framboðum til stjórnar og sá frestur hafi runnið út kl. 16:00 þann 13. febrúar 2023. Almennur framboðsfrestur hafi runnið út klukkan 16:00 þann 11. mars 2023 og frekari framboð hafi ekki borist. Í skýrslu nefndarinnar sem birt hafi verið á heimasíðu bankans og í upplýsingakerfi Nasdaq þann 2. febrúar 2023 hafi nefndin gert grein fyrir tilnefningum sínum og tilhögun starfa sinna.



Stjórn Bankasýslu ríkisins tilnefni til kjörs stjórnarinnar það hlutfall stjórnarmanna sem samsvarar eignarhluta ríkisins þegar kjör stjórnar fer fram. Stjórn Bankasýslu ríkisins hafi tilnefnt eftirtalda þrjá einstaklinga í stjórn bankans, og einn í varastjórn.

- Anna Þórðardóttir, stjórnarmaður
- Agnar Tómas Möller, stjórnarmaður
- Guðrún Þorgeirsdóttir, stjórnarmaður
- Herdís Gunnarsdóttir, varamaður

Tilnefningarnefnd Íslandsbanka hafi lagt til að auk þeirra sem stjórn Bankasýslu ríkisins hefur tilnefnt, verði eftirtaldir fjórir einstaklingar kjörnir í stjórn Íslandsbanka hf. og einn í varastjórn.

- Finnur Árnason, stjórnarmaður
- Ari Daníelsson, stjórnarmaður
- Frosti Ólafsson, stjórnarmaður
- Valgerður Skúladóttir, stjórnarmaður
- Páll Grétar Steingrímsson, varamaður í stjórn

Jafnframt hafi tilnefningarnefnd lagt til að Finnur Árnason verði kjörinn formaður stjórnar.

Fundarstjóri greindi frá því að þar sem ekki hafa komið fram önnur framboð teljist þessir aðilar réttkjörnir í aðalstjórn bankans, sem formaður stjórnar og í varastjórn.

## 5. Kosning endurskoðunarfélags

Fundarstjóri bar upp svohljóðandi tillögu stjórnar Íslandsbanka hf. um kosningu endurskoðunarfélags:

*Lagt er til að aðalfundur samþykki að Ernst & Young sé kjörið endurskoðunarfélag bankans.*

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls. Var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með tilhlýðilegum meirihluta.

## 6. Ákvörðun um laun til stjórnar fyrir næsta kjörtímabil

Fundarstjóri bar upp svofellda tillögu um laun til stjórnar- og varamanna fyrir næsta kjörtímabil:

*Lagt er til að aðalfundur Íslandsbanka samþykki að þóknun til stjórnarmanna verði kr. 505.000 á mánuði, þóknun til stjórnarformanns verði kr. 880.000 á mánuði og þóknun til varaformanns verði kr. 625.000 á mánuði. Því til viðbótar skuli greiða stjórnarmönnum kr. 250.000 á mánuði fyrir þátttöku í starfi undirnefnda stjórnar en auk þess fái formenn undirnefnda stjórnar greiddar kr. 56.500 á mánuði.*

*Þóknun til varamanns í stjórn verði kr. 252.500 fyrir hvern setinn stjórnarfund eða fund með Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands um hæfismat en þó aldrei hærra en laun*



*aðalmanns innan hvers mánaðar. Greiðsla til hvers varamanns skal nema að lágmarki kr. 505.000 á ári.*

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Elín Erna Steinarsdóttir tók til máls. Hvatti hún til þess að laun stjórnarmanna bankanum yrðu ekki hækkuð.

Fleiri tóku ekki til máls. Var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með tilhlýðilegum meirihluta.

## **7. Starfskjarastefna**

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar um að aðalfundur samþykki starfskjarastefnu bankans með breytingum.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Oddur Sigurðsson tók til máls. Oddur greindi frá því að ásamt því að vera hluthafi í bankanum sé hann bæði starfsmaður bankans og formaður starfsmannafélags Íslandsbanka hf. Sem formaður starfsmannafélagsins sé hann yfirtrúnaðarmaður starfsmanna bankans og hafi því það hlutverk að standa vörð um réttindi starfsmanna bankans. Hann sé jafnframt fyrsti varaformaður Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja og sitji sem slíkur í samninganefnd fyrir starfsmenn fjármálafyrirtækja þegar kemur að gerð kjarasamninga. Fjallaði hann um kjör starfsmanna bankans, nýgerða kjarasamninga og mikilvægi þess að koma á fót kaupaukakerfi og jafnvel kaupréttarkerfi fyrir starfsfólk bankans.

Fleiri tóku ekki til máls. Var tillaga stjórnar um að aðalfundur samþykki breytingar á starfskjarastefnu bankans borin undir atkvæði. Tillagan var samþykkt með tilhlýðilegum meirihluta.

## **8. Tillaga stjórnar um starfsreglur tilnefningarnefndar bankans**

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar um að aðalfundur samþykki breytingar á starfsreglum tilnefningarnefndar bankans.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Davíð Rúðolfsson, forstöðumaður eignastýringar og staðgengill framkvæmdastjóra hjá Gildi lífeyrissjóði, tók til máls og gerði grein fyrir neðangreindri ályktun sjóðsins, dags. 6. mars 2023 og beint var til stjórnar bankans, varðandi þennan dagskrárlið.

*Í fyrirliggjandi tillögu stjórnar eru lagðar til breytingar til samræmis við 53. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Gildi-lífeyrissjóður styður vitaskuld að félagið starfi á hverjum tíma í samræmi við lög en telur þrátt fyrir það rétt að koma á framfæri athugasemdum varðandi efni breytinganna.*

*Að mati Gildis liggja ekki góð rök að baki því, sem kveðið er á um í hinum nýju lögum, að a.m.k þriðji hver nefndarmaður í tilnefningarnefnd skuli vera stjórnarmaður og aldrei færri*



en einn. Að mati Gildis bendir reynslan undanfarin ár meðal skráðra félaga á innlendum markaði raunar til hins gagnstæða, að það sé heppilegra fyrirkomulag að stjórnarmenn eigi almennt ekki sæti í tilnefningarnefndum. Þá kemur það einnig nokkuð spáskt fyrir sjónir, samkvæmt hinum nýju lögum sem verið er að innleiða á þessum fundi, að tilnefningarnefndir banka skuli nú jafnframt að hafa það lögbundna hlutverk að leggja mat á störf framkvæmdastjóra og stefnu fyrirtækisins um ráðningu framkvæmdastjóra og ákveðinna stjórnenda. Að mati Gildis er mun eðlilegra að umrædd verkefni séu á hendi stjórnar, ekki tilnefningarnefndar. Þess ber að geta að ekki er að sjá að ofangreindar breytingar í íslensku löggjöfinni eigi sér endilega stoð í þeim evrópsku reglum sem verið var að innleiða þar sem þessi efnisatriði eiga við um félög með annars konar stjórnskipulag en tíðkast á Íslandi. Gildi telur þessar breytingar ekki til eftirbreytni fyrir önnur skráð félög á markaðinum. Eru þær ef til vill þess eðlis að framangreind lagaákvæði þarfnist í raun endurskoðunar.

Þá vísar Gildi til afstöðu sinnar á síðasta aðalfundi félagsins og hvetur til þess að starfsreglur tilnefningarnefndar og eftir atvikum samþykktir félagsins verði endurskoðaðar og lagðar til breytingar að ári á þá leið að allir fulltrúar í tilnefningarnefnd verði kosnir eða staðfestir af hluthafafundi.

Þá vekur Gildi enn fremur athygli á afstöðu sinni á síðasta aðalfundi um samspil hlutverks tilnefningarnefndar og Bankasýslu ríkisins. Raunar virðist sem hlutverk Bankasýslu ríkisins við tilnefningu í stjórn Íslandsbanka fari í bága við 53. gr. laga um fjármálafyrirtæki þar sem 7. mgr. 53. gr. laga um fjármálafyrirtæki gerir eingöngu ráð fyrir því að ákvæðið gildi ekki ef tilnefningar allra stjórnarmanna falli undir ákvæði 7. gr. laga um Bankasýslu ríkisins. Ljóst er að tilnefningar allra stjórnarmanna Íslandsbanka falla ekki undir 7. gr. laga um Bankasýslu ríkisins og því vandséð að ákvæði 3.3. í starfsreglum tilnefningarnefndar sé í samræmi við ákvæði 53. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Með hliðsjón af framangreindu situr Gildi–lífeyrissjóður hjá við atkvæðagreiðslu varðandi starfsreglur tilnefningarnefndar bankans.

Davíð greindi fundinum frá því að Gildi hafi óskað sérstaklega eftir því að bókun sjóðsins undir þessum dagskrárlið yrði komið á framfæri við hluthafa í gögnum fundarins. Það séu jú hluthafar félagsins sem komi saman til að ræða og taka afstöðu til málefna félagsins.

Hann greindi fundinum jafnframt frá því að þessari beiðni sjóðsins hafi verið hafnað af stjórn bankans þar sem ekki væri um að ræða ályktunartillögu. Þessi afstaða hafi komið sjóðnum á óvart og telji það miður að hluthafar og aðrir fundarmenn hafi ekki greiðan aðgang að öllum fyrirliggjandi gögnum aðalfundarins og hafi því ekki haft tækifæri til að kynna sér þessa bókun í aðdraganda hans, en bókuninni hafi verið komið á framfæri við félagið fyrir tíu dögum síðan.

Fleiri tóku ekki til máls. Var tillaga stjórnar um að aðalfundur samþykki breytingar á starfsreglum tilnefningarnefndar bankans borin undir atkvæði. Tillagan var samþykkt með tilhlýðilegum meirihluta.

## **9. Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum bankans**

Fundarstjóri gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu stjórnar um að aðalfundur samþykki breytingar á samþykktum bankans.



### 7.3. gr. samþykkt bankans verði eftirleiðis svohljóðandi:

„7.3. Um slit félagsins, samruna þess við önnur félög eða skiptingu þess í tvo eða fleiri lögaðila skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 2/1995, um hlutafélög, laga um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja nr. 70/2020 og annarra laga eftir því sem við á. Ákvörðun um slíkar ráðstafanir verður aðeins tekin á hluthafafundi með sama atkvæðamagni og þarf til breytingar á samþykktum þessum.

*The provisions of the Act No. 2/1995, on Public Limited Companies, the Act on resolution of credit institutions and investment firms No. 70/2002 and other acts as appropriate shall apply to the Company's winding-up, its merger with other companies or division into two or more legal entities. A decision on such a measure can only be taken by a shareholders' meeting by the same power of votes as is required for amendments to these Articles of Association.*

### Á eftir 7.3. gr. samþykkt bankans bætist við ný grein 7.4 sem er svohljóðandi:

„7.4 Félagið hefur heimild til útgáfu viðeigandi fjölda nýrra gerninga sem teljast til almenns eigin fjár þáttar 1 samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 sem eru fullnægjandi til þess að framfylgja ákvörðun skilavalds Seðlabanka Íslands skv. VI. kafla laga nr. 70/2020 um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja eða eftirgjöf skv. 54. og 55. gr., sbr. E-hluta X. kafla sömu laga. Skulu ákvæði 2.2 og 2.4 greina samþykkt þessara um tilskilið samþykki hluthafa fyrir hækkun og lækkun hlutafjár, og ákvæði 2.3 um forgangsrétt hluthafa ekki gilda um breytingar á hlutafé samkvæmt þessari grein 7.4. Ákvæði 2.1 greinar samþykkt þessara, um hlutafé félagsins, skal jafnframt uppfært án tafar til að endurspegla breytingar á hlutafé samkvæmt þessari grein 7.4 og þarf ekki samþykki félagsaðila til að koma til samþykktar breytingarinnar.

*The Company is authorised to issue the amount of new common equity tier 1 instruments, in accordance with the Act on Financial Undertakings No. 161/2002, required to enforce a decision of the Resolution Authority of the Central Bank of Iceland in accordance with Chapter VI of the Act on Resolution of Credit Institutions and Investment Firms No. 70/2020 or bail-in according to articles 54. and 55., according to part E of the same act. Articles 2.2 and 2.4 requiring shareholder approval for the increase and reduction in share capital, and Article 2.3 on pre-emptive rights of shareholders to new shares, shall not apply to changes in share capital in accordance with this Article 7.4. Moreover, Article 2.1 of these Articles of Association, regarding the Company's share capital, shall be updated without undue delay to reflect the relevant change in share capital in accordance with this Article 7.4 and does not require shareholders' approval.*

### 8.1. gr. samþykkt bankans verði eftirleiðis svohljóðandi:

„8.1. Þar sem ákvæði samþykkt þessara segja ekki til um hvernig með skuli fara, skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 2/1995, um hlutafélög og, laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og lög um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja nr. 70/2020, eins og þau lög eru á hverjum tíma, auk annarra ákvæða laga, eftir því sem við getur átt.



*The handling of any aspects not provided for in these Articles of Association shall be governed by the current provisions of the Act No. 2/1995, on Public Limited Companies, and the Act No. 161/2002, on Financial Undertakings and Act on Resolution of Credit Institutions and Investment Firms No. 70/2020, and provisions of other legislation as applicable.*

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls. Var tillaga stjórnar um að aðalfundur samþykki breytingar á samþykktum bankans borin undir atkvæði. Tillagan var samþykkt með tilhlýðilegum meirihluta.

## **10. Tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum.**

Fundarstjóri gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breytingu á samþykktum:

*„Aðalfundur Íslandsbanka hf. haldinn 16. mars 2023 samþykkir að veita stjórn bankans heimild, á grundvelli 55. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995, til að kaupa fyrir hönd bankans allt að 10% af hlutafé hans. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup bankans á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Framkvæmd endurkaupa á grundvelli heimildar þessarar er háð því skilyrði að fyrirfram samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, samkvæmt 77. gr. reglugerðar ESB nr. 575/2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki (CRR), hafi verið veitt.*

*Heimild þessi gildir í 18 mánuði frá aðalfundardegi árið 2023.*

*The Annual General Meeting of Íslandsbanki hf. held on 16 March 2023 authorises the Board of Directors, based on Article 55 of the Company Act no. 2/1995, to acquire on behalf of the Bank up to 10% of issued share capital of the Bank. The authorisation shall be used to set up a formal share repurchase program or for the purpose of offering shareholders generally to sell their shares to the Bank e.g., through auction where equal treatment of shareholders is ensured. The repurchase of shares under this authorisation is conditional upon the prior approval of the Financial Supervisory Authority of the Central Bank of Iceland in accordance with Article 77 of Regulation (EU) on Prudential Requirements for Credit Institutions and Investment Firms, No. 575/2013 (CRR).*

*This authorisation shall remain in effect for 18 months after the Bank's Annual General Meeting in 2023.*

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls.

Var tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum borin undir atkvæði. Tillagan var samþykkt með tilhlýðilegum meirihluta.

## **11. Önnur mál**

Fundarstjóri gaf orðið laust.





Fundurinn samþykkti ósk fundarstjóra um heimild til handa fundarstjóra og fundarritara til að ganga frá fundargerð eftir fundinn enda verði fundargerðin birt á heimasíðu bankans.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 17:43.

**Fundarstjóri**

\_\_\_\_\_  
Áslaug Árnadóttir hrl.

**Fundarritari**

\_\_\_\_\_  
Dagmar Clausen Þórðardóttir